

EYSTRAHORN

13.tbl. 41. árgangur

13.apríl 2023

www.eystrahorn.is



Laufey Hafsteinsdóttir

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR ADHD 8 Í HAFNARKIRKJU

Föstudagskvöldið 14. apríl mun hljómsveitin ADHD halda tónleika í Hafnarkirkju. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferð sem þeir félagar halda í dagana 11.-14. apríl og eru því tónleikarnir í Hafnarkirkju þeir síðustu í röðinni. Tónleikarnir eru líka einhvers konar „heimkoma“ bæði tónlistarinnar og hljómsveitarinnar, því plata þessi, ADHD 8, var tekinn upp í Hafnarkirkju í ágúst 2020 og eins gefur að skilja þá hafa þeir félagar hlakkað mikið til að spila tónlistina þar sem hún varð bæði til og var tekin upp.

Hljómsveitina ADHD skipa Ómar Guðjónsson á gítara og bassa, Oskar Guðjónsson á saxófóna, Magnús Tryggvason Eliassen á trommur og Tómas Jónsson á píanó, Hammond og ýmis önnur hljómborð. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30, miðasala við inngang og á Tix.is



Lifandi vafi
Lífandi vafi myndbandshöfundur

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

VÍÐ HÓKUM TIL AÐ EÍÐ TÍÐ.

Jesús segir:
Ei nokkurn þyrstur þá komi hann
til mín og drekkl.
Ég bjarta þess sem frítt á mig
munu renna
þakir til þess sem
þakir til þess sem

Stofnun Lífandi vafi
Hafnarkirkju 13, 101 Reykjavík, Ísland
Sími: 575 5555

Fyrir fermingarbarnið
Rúm, náttborð, sængur, koddar,
rúmföt og fleira

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vellíðan fyrir alla

Laus kennslustörf við Grunnskóla Hornafjarðar veturinn 2023-2024

- Umsjónarkennsla á miðstigi
- Heimilisfræðikennsla
- Náttúrufræðikennsla á unglingsstigi 50%
- Tónmennt
- Leiklist
- Sérkennsla



Umsækjendur skulu hafa tilskylda menntun og reynslu til starfsins og góð tök á íslensku. Áhersla er á að umsækjandi sýni hæfni í samskiptum, frumkvæði, sé lausnamiðaður og hafi skipulagshæfileika. Launakjör samkvæmt kjarasamningi LS og KÍ eða annarra félaga. Umsóknum um starf skal skilað skriflega til skólastjóra fyrir 5. maí n.k. með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur. Nánari upplýsingar veitir Kristín G Gestsdóttir skólastjóri í síma 470-8400 / 898-6701 - kristinge@hornafjordur.is

*Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en í 10. bekkur í hinu. Unnið er eftir hugmyndafræði **uppeldis til ábyrgðar** og skólinn er bæði grænfánaskóli og heilsueflandi skóli. Lögð er áhersla á teymisvinnu og innleiðingu fjölbreyttra kennsluhátta m.a. leiðsagnarnáms og I-pad kennslu. Í Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel statt og þar er blómlegt mannlíf.*



AÐALFUNDUR UNGMENNAFÉLAGSINS SINDRA, STARFSÁRIÐ 2022

Í mars var haldinn aðalfundur Ungmennafélagsins Sindra og var mæting með ágætum. Þar var gert upp árið 2022 sem var þungt ár fjárhagslega í sögu félagsins. Formaður félagsins Gísli Már Vilhjálmsson setti fundinn, Sandra Sigmundsdóttir ritaði og Sigurður Óskar Jónsson, stjórnarmaður USÚ var fundarstjóri og fór með það hlutverk af einstakri þryði. Tvær stærstu deildir félagsins máttu þola stórt högg á reksturinn og sama má segja um aðalstjórn þar sem bílamál og framkvæmdastjórnarskipti reyndust stór biti fyrir félagið. Við sjáum þó til sólar og erum vongóð með góðum stuðningi, að ná að koma okkur á beinu brautina. Á fundinum urðu einhver stjórnarskipti en erfiðlega gekk að manna stjórnir og vantar okkur enn þá fólk í stjórn fimleikadeildarinnar, knattspyrnudeildar meistaraflokks, frjálsíþróttadeildar, sunddeildar og yngri flokka ráð körfuboltans. Ein tillaga að lagabreytingu var lögð fyrir fundinn en var það 9.gr í lögum félagsins og var tillagan samþykkt. Deildirnar gerðu upp árið sitt og farið var yfir ársreikninga og skýrslur stjórnar en það ásamt fundargerð, skipun stjórnar og lagabreytingu má finna á heimasíðu félagsins www.umfsindri.is.

Sjálfbóðaliðinn

Sjálfbóðaliðar eru okkur afar mikilvægir og er félagið rekið á því frábæra fólki sem er tilbúið að leggja sitt af mörkum. Smám saman er umhverfið í íþróttahreyfingunni á landinu að breytast hvað varðar sjálfbóðaliðann og ungmennafélagsandinn fer dvinandi. Erfiðlega gengur að fá fólk til að leggja hönd á plóg og erum við að sjá fólk brenna út vegna færri handa og fleiri verkefna og stærra starfs. Því er mikilvægt fyrir okkur að muna að án sjálfbóðaliðanna getur starfið ekki gengið og margar hendur vinna léttara verk. Gleymum ekki gleðinni sem fylgir því að vera hluti af Sindrastarfinu og hjálpumst að við að halda uppi því frábæra starfi sem við höfum byggt upp saman, hér í okkar fallega sveitarfélagi.

Heiðraðir

Á aðalfundi voru veitt Silfurmerki Sindra sjálfbóðaliðum og stjórnarfólki sem hefur unnið óeigingjarnt starf fyrir félagið, með þakklæti fyrir þeirra framlag. Í ár voru það Arna Ósk Harðardóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Hjálmar Jens Sigurðsson.

Arna Ósk Harðardóttir er sitjandi formaður Knattspyrnudeildarinnar Sindra og byrjaði þar í meistaraflokksráði fyrir um 5-6 árum og hafði þá sinnt formennsku í frjálsíþróttadeild Sindra í nokkur ár. Einnig var hún foreldra tengiliður barna sinna í gegnum starfið og eftir að þau flugu á brott hefur knattspyrnudeildin verið barnið hennar og þökkum við henni fyrir hennar framlag í gegnum árin og fyrir áframhaldandi störf.

Ingibjörg Guðmundsdóttir hefur setið í stjórn fimleikadeildar í 10 ár og undanfarin ár hefur hún verið formaður deildarinnar. Hún hefur unnið að kappi í þágu fimleikadeildar og Ungmennafélagsins og tekið þátt í uppbyggingu deildarinnar. Ingibjörg hefur ákveðið að láta af störfum og viljum við þakka henni kærlega fyrir hennar frábæra framlag í öll þessi ár.

Hjálmar Jens Sigurðsson hefur verið máttarstólpi í körfuknattleiksdeild Sindra allt frá fyrstu dögum deildarinnar. Hann sinnti formennsku af einskærri yfirvegum og hefur verið foreldra tengiliður í starfinu. Hann hefur einnig verið ómetanlegur stuðningur við yngri flokka ráð sem var stofnað á starfsárinu. Þökkum við Hjálmari kærlega fyrir hans framlag til félagsins.



Mynd/Janus Gilbert fyrir hönd Örnú Ósk Harðardóttur, Ardis Erna Halldórsdóttir fyrir hönd Ingibjargar Guðmundsdóttur, Hjálmar Jens Sigurðsson og Gísli Már Vilhjálmsson, formaður Sindra.

Viðurkenningar fyrir landsleik

Veittar voru þrjár viðurkenningar til iðkenda Sindra fyrir fyrsta spilaðan landsleik. Voru það Birgir Leó Halldórsson, Guðmundur Reynir Friðriksson og Kristín Magdalena Barboza.

Birgir Leó Halldórsson spilaði sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland í körfubolta U16 ára, sumarið 2022 á Norðurlandamótinu í Finnlandi. Birgir Leó spilar og æfir með liðinu Zentro Basket í Madrid á Spáni og hefur verið valinn í U18 fyrir sumarið 2023.



Mynd/Gísli Már formaður og Friðrik faðir Guðmundar, sem tók á móti viðurkenningu fyrir hans hönd.

Guðmundur Reynir Friðriksson spilaði sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland í knattspyrnu U15, árið 2021 í Finnlandi. Eftir að hafa spilað með Sindra ákvað hann að færa sig yfir til Stjörnunnar þar sem hann æfir og spilar með 2.flokki og meistaraflokki.

Kristín Magdalena Barboza spilaði sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland í knattspyrnu U15, í október 2022 í Póllandi. Kristín æfir og spilar með 3. flokki og meistaraflokki Sindra og hefur verið valin í úrtaksæfingar fyrir U15 árið 2023.

Sindri óskar okkar frábæra Sindrafólki til hamingju með árangurinn og áframhaldandi velgengni. Við erum ákaflega stolt og bjartsýn fyrir framtíð Sindra.



Mynd/Gísli Már formaður og Kristín Magdalena.

Framtíðin

Starfið hjá Ungmennafélaginu er metnaðargjarnt og mikið. Við viljum gefa iðkendum okkar bestu mögulegu þjónustu, aðstöðu og upplifun sem þau geta fengið. Íþróttastarf er forvarnarstarf og verðmæti þess verður ekki metið til fjár. Uppskeran skilar sér í árangri, orðspori, gleði og hamingju iðkenda okkar og af því erum við hvað stoltust af. Við viljum þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa stutt við bakið á okkur á starfsárinu 2022 og hlökkum til áframhaldandi stuðnings á árinu 2023. Framtíðin er björt og ekki síst vegna þeirrar vinnu sem er í gangi innan félagsins en einnig með þeirri endurskiplagsvinnu sem á sér stað á öllum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins og er það von okkar að forgangsriðun verði gerð í samstarfi við okkur sem notum þessi mannvirki mest. Sveitarfélagið hefur staðið þétt við bakið á okkar félagi og trúum við því að það góða samstarf muni halda áfram og eflast ef eitthvað er.

Við horfum björtum augum á framtíðina og segjum Áfram Sindri!

Fh. Ungmennafélags Sindra
Margrét Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri UMF. Sindra

HVER BER ÁBYRGÐ Á RUSLINU Í SJÓNUM?



Það er löngu vitað að heimshöfn sjö eru full af rusli sem við mennirnir höfum í gegnum tímann losað, viljandi og óviljandi í hafið. Lengi tekur sjórinn við er eitthvað sem við höfum flest heyrt einhvern tímann á lífsleiðinni.

Sjórinn við Íslandsstrendur er hér engin undantekning. Í strandhreinsunum er þumalputtareglan sú að fyrir hvern kílómetra af strandlengju sem genginn er safnast að meðaltali eitt tonn af rusli. Í venjulegum göngutúr í fjörinni er ekki óalgengt að rekast á stök stígvél, gamla tannbursta og annað plastrusl innan um skeljar og fjörugróður. Hafrannsóknarstofnun hefur lengi rannsakað sjóinn og hafsbotninn í kringum landið og er staðreyndin sú að langmest af rusli í sjónum í kringum Ísland eru veiðarfæri. Meginuppistaða þessara veiðarfæra er plast, sem svo liggur lengi, jafnvel áratugum saman, á hafsbotni og brotnar niður, með tilheyrandi skaða fyrir lífríki sjávar.

Nýlega rak á land á Breiðamerkursandi gömul veiðarfæri sem að öllum líkindum hafa legið á hafsbotni í nokkra áratugi. Innan um íshröngl, liggja þau í Vestari

Fellsfjöru og eru ágætis áminning um ástand sjávar. Veiðarfærin eru af þeirri gerð sem mér fróðari menn segja að hafi lítið verið notað frá 9. áratug síðustu aldar. Þau vekja upp spurningar um það hver beri ábyrgð á ruslinu í sjónum. Til þess að fjarlægja þetta þarf að kalla til kranabíl með tilheyrandi kostnaði, sem þjóðgarðurinn getur í sjálfu sér gert, en ég velti þó fyrir mér hvort það sé sanngjarnt að landeigandi, eða í þessu tilfalli umsjónaraðili lands, þurfi að bera kostnað af því að farga rusli sem einhver allt annar aðili hefur skilið eftir sig í sjónum árum eða jafnvel áratugum áður.

Þó svo að í þessu tilfalli sé ábyrgðin á að fjarlægja og farga ruslinu líklega á herðum Vatnajökulsþjóðgarðs, þá þurfum við öll að standa okkur betur í almennt umgangni um náttúruna okkar. Norræni strandhreinsunardagurinn er fyrsti laugardagur í maí ár hvert, sem í ár ber upp á 6. maí nú í ár. Ég hvet öll sem hafa tök á að taka sér göngutúr í einhverri af þeim fjöldamörgum fjörum sem finnast í sveitarfélaginu.

*Steinunn Hödd Harðardóttir
Þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði*

ORÐALEIT

VATNSKANNA
ALDINMAUK
TUDDI
KÓNGABLÁR
SPÍTNABRAK
LAMBAHRYGGUR
SULTUTA
VORLAUKUR
ALDURSDREIFING
MARSKÁLKUR
MARVAÐI



UPPSKRIFT VIKUNNAR



Uppskrift fyrir 4-6

1 heill kjúklingur
1 sítróna
steinselja
3 paprikur 1 í hverjum lit
8 -10 meðalstórar kartöflur
12 stk smálaukar, má nota
gulan eða rauðan lauk í
bátum í staðinn ef þessir
eru ekki til.
1 meðalstór fennel.
Heill hvítlaukur
salt pipar og paprika

Grískur Kjúklingur Ingibjörg Gísladóttir

Ég tók áskorun frá systurdóttur minni Heiðdís Hauksdóttur og ætla ég að gefa ykkur uppskrift að hversdagsmat sem kallast Grískur kjúklingur og er vinsæll bæði hjá ungum sem öldnum.

Ég skora á vinkonu mína Ástu Ásgeirsdóttur sem er afbragðskokkur, frá henni fer enginn svangur eða vonsvikinn eftir matarboð.

Aðferð

Kjúklingurinn kryddaður með salti pipar og papriku.
Sítrónan skorin í bita, kjúklingurinn fylltur með þeim ásamt steinseljuni.
Settur í ofninn á 180-200 gráður.

kartöflur, paprika, hvítlaukur í geirum, strimlað fennel og smálaukarnir settir í pott og mýkt upp í ólífuolíu og kryddað með timjan.

Síðan er öllu grænmetinu hellt í kringum kjúklinginn og látið vera áfram í ofninum þar til allt er tilbúið.

Verði ykkur að góðu.



Gerast styrktarvinur Eystrahorns

Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér styrktarvini Eystrahorns.
Peir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum.

www.eystrahorn.is/askrift

SPURNING VIKUNNAR

Kók eða Pepsi?



Vigdís María Borgarsdóttir
Hvorugt, ég drekk ekki gos nema á fyllerii



Þórey Bjarnadóttir
Hvorugt



Grecu Radu-Loanid
Pepsi



Hafþór Tumi Jónsson
Kók



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

hornafjörður náttúrulega!



LIFANDI LAUGARDAGUR

NÝHEIMUM 15. APRÍL KL. 13-15

Afþreying fyrir börn
á bókasafninu



- Fræðsluganga með Vatnajökulsþjóðgarði
- Þorvarður Árnason segir frá Bláma
- Umhverfissvænar vörur frá Mistur
- Kerti til sölu frá Miðgarði
- Umhverfis Hornafjörður með kynningu

Andrými
sjálfbærnisetur
með fræðsluerindi



Isabella Tigist
tekur lagið



Kaffihúsastemning,
Sigurjón og Gauti
baka vöflur



Reddingarkaffi í
Fablabinu frá kl. 14-16



Nánari upplýsingar
um dagskrá má
finna hér



Hirðingjarnir með opið frá 14-16

@HornafjordurNatturulega